

1863.

5. septbrm.

Um leið og þetta er hér með kunngjört yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtu það hlutaðeigendum, skal því við bætt, að eptir fararsamningi þeim, sem áður hefir verið gjörður við útgjörðarmennina, og bráðabirgðarákvörðun þeirri, sem í þessu tilliti var gjörð í bréfi dómsmálastjórnarinnar 13. dag febr. þ. á., þá getur ekki orðið umtalsmál um neina uppbót til sjóða þeirra í Reykjavík, sem ættu að fá tekjur þær, sem hér er um rætt, fyrir það, sem þeir hafa í misst fyrir þá sök, að gufuskipið að undanfögnu hefir verið undanþegið álögum þessum.

5. septbrm.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á láni, er varið hafði verið til að koma upp þinghúsi og fangahúsi á Vestmannaeyjum.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. júnímán. þ. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bænarskrá frá fátækrastrjórunum á Vestmannaeyjum, ásamt álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, um að leyft verði, að ekki sé aptur borgað 601 rd. 37 sk., sem eptir bréfi stjórnarráðsins 16. febrúarm. 1859 var veitt Vestmannaeyja sveitarfélagi að láni til að koma upp þinghúsi og fangahúsi, og tekið af fé því, sem fátækrastrjódurinn þar átti innistandandi í jarðabókarsjóði Íslands; átti að borga lán þetta aptur á fjögura ára fresti, en allt til þessa hafa menn ekki séð ráð til að borga neitt af skuldinni.

Í þessu efni skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér hlutist til um það, er með þarf, að af þeim ástæðum, sem til eru færðar í bænarskránni, og með tilliti til þess, sem þér, herra stiptamtmaður, óg Bjarni sýslumaður Magnússon hafði tekið fram, þá er frá stjórnarráðsins hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að hlutaðeigendum sé veitt bæn þeirra.